

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 193/2016**

2018/EES/19/30

frá 23. september 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/462 frá 30. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 324/2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 0462:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/462 frá 30. mars 2016 (Stjtið. ESB L 80, 31.3.2016, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/462, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 80, 31.3.2016, bls. 28.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.